



Hagrænt mat á umhverfisgæðum

Kynning Hagfræðistofnunar fyrir
verkefnastjórn Rammaáætlunar





Hagrænt virði umhverfisgæða

- Virði sem skilyrðist við notkun (e. *use values*)
- Virði sem er óháð beinni notkun (e. *passive use values*)
- Virði sem er alls óháð notkun (e. *non-use values*)
 - Tilvistargildi
 - Erfðagildi
 - Valréttargildi





Matsaðferðir

- Aðferðir afhjúpaðs vals (e. *revealed preferences*)
 - Bein notkun á mörkuðum eða tengdum mörkuðum
 - Ferðakostnaraðferð, aðferð ánægjuverðs ofl.
- Aðferðir yfirlýsts vals (e. *stated preferences*)
 - Þátttaka á tilbúnum mörkuðum



Aðferðir afhjúpaðs val

- Það þarf að búa til markað með kerfishönnun (e. *mechanism design*) sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:
 - Markaðurinn þarf að vera skýrt skilgreindur
 - Þátttakendur þurfa að upplifa hann sem raunverulegan og viðskiptin hafa afleiðingar
 - Bæði á vöruna og ráðstöfunartekjurnar
 - Greiðsluaðferðin (e. *payment vehicle*) þarf að vera trúanleg og ná til allra
 - Ekki hægt að vera laumufarþegi (e. *free rider*)





Aðferðir afhjúpaðs vals frh.

- Markaðurinn er alltaf settur fram með einhvers konar spurningakönnun
- Til að koma í veg fyrir bjaganir þarf:
 - Rýnihópa
 - Forkannanir
- Við höfum keyrt netkannanir en viljum skoða:
 - Myndbönd
 - Ísland.is





Skilyrt verðmætamat

- Skilyrt verðmætamat (e. *contingent valuation*)
 - Tiltekin breyting í magni eða eiginleika umhverfisgæðis er kynnt fyrir einstaklingum
 - Þátttakandi tekur afstöðu til breytingarinnar fyrir gefið verð
 - Hafnar eða samþykkir
 - Hentugt fyrir eitt fastmótað verkefni sem á ekki að meta í samhengi við önnur





Valtilraun

- Valtilraun (e. *choice experiment*)
 - Þátttakendur taka afstöðu til mismunandi heildarútfærslna á breytingu í eiginleikum umhverfisgæðis
 - Ólíkt skilyrtu verðmætamati tekur einstaklingurinn afstöðu til ólíkra afbrigða eiginleikanna
 - Sveigjanlegri m.t.t. jaðarbreytinga og samanburðar á milli umhverfisgæða





Valröðun

- Valröðun (e. *contingent ranking*)
 - Þátttakendur raða umhverfisgæðum í röð frá því sem er þeim verðmætast til þess sem er þeim minnst verðmætt
 - Vill reynast þátttakendum erfitt en þó gert í smækkuðum útgáfum





Tillaga að sýnidæmi

1. Best að hafa virkjanakosti úr biðflokki. Matið þarf hafa þær afleiðingar að kostir færist úr í biðflokki í nýtingar- eða verndarflokk eftir niðurstöðum.
2. Umhverfismat á virkjanakostum sem dregur fram eftirfarandi víddir:
 - Raskað svæði borið saman við óraskað svæði
 - Mismunandi uppsett afl (MW)
 - Háspennulínur til staðar eða ekki
 - Mismundi tegundir orkukosta
3. Valröðun á vatnsafl, háhita og vindorku





Möguleg tímaáætlun

- Maí 2019 viðfangsefni valið
- Júní – ágúst 2019 undirbúningur fyrir uppsetningu á markaðnum
 - Ferðir á staði
 - Greining á afleiddum áhrifum
 - Drög að uppsetningu á markaðnum og könnun
 - Mat á því með hvað hætti er best að framkvæma viðskipti á markaðnum m.t.t. spurningakannanafyrirtækja og greiðsluaðferðar
- September – desember 2019 lokahönnun, rýnihópar og forkönnun
- Janúar – febrúar 2020 gagnasöfnun
- Mars – maí gagnúrvinnsla og skýrsluskrif
- Ath: ef einhver liður vinnst hraðar/hægar en gert er ráð fyrir hefur það áhrif á þættina sem koma á eftir

